

Samningur um jöfnunarábyrgð

milli

Landsnets hf

og

NN

Þessi samningur um jöfnunarábyrgð (hér eftir kallaður „samningurinn“) er gerður á milli:

- (1) Landsnets hf., kt. 580804-2410, Krókhálsi 5C, 110 Reykjavík (hér eftir einnig vísað til sem „Landsnet“), og
- (2) NN., kt. xxxxxx-xxxx, heimilisfang (hér eftir einnig vísað til sem „Jöfnunarábyrgðaraðila“).

Vísað er til framangreindra sem „aðila“ og skal hvor um sig vera „aðili“. Tilvísun til aðila í þessum samningi skal jafnframt teljast vera tilvísun til þess sem tekur við af honum og löglegra framsalshafa:

Forsendur

ÞAR SEM Landsnet hefur samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003 meðal annars það hlutverk að sinna kerfisstjórnun innan flutningskerfis raforku, en í því felst að stilla saman raforkuvinnslu og raforkuþörf svo hægt sé að mæta frávikum milli umsaminna kaupa og raforkunotkunar, sem og að gera samninga við vinnslufyrirtæki í þessu sambandi;

ÞAR SEM sérstök deild innan Landsnets sem nefnist kerfisstjórn annast kerfisstjórnun samkvæmt raforkulögum og sinnir þar með þessu lögbundna hlutverki Landsnets. Í þessu felst að kerfisstjórn stillir saman raforkuframleiðslu og raforkunotkun á Íslandi, útvegar reglunarafi og gerir upp jöfnunarorku;

ÞAR SEM 30. gr. reglugerðar nr. 1050/2004 um raforkuviðskipti og mælingar kveður á um að Landsnet og Jöfnunarábyrgðaraðili skulu gera með sér samning um jöfnunarábyrgð;

ÞAR SEM til viðbótar ákvæðum þessa samnings gilda einnig ákvæði um flutning raforku sem eru eða munu verða sett í lögum, reglugerðum og skilmálum um öflun reglunarafis og uppgjör jöfnunarorku, um mælingar og reikningsskil, tæknilegar útfærslur, ákvæði um greiðslur, flutningstöp og kerfisþjónustu og önnur atriði eins og nauðsynleg kunna að teljast vegna þessa samnings; og

ÞAR SEM Jöfnunarábyrgðaraðila er kunnugt um að nákvæmir skilmálar fyrir kerfisstjórnun hafa enn ekki verið settir, en munu engu að síður teljast hluti þessa samnings. Jöfnunarábyrgðaraðili samþykkir ennfremur að ef ákvæði þessa samnings gangi í berhögg við birta skilmála, eins og þeir kunna að vera á hverjum tíma, skulu skilmálarnir ganga framar ákvæðum þessa samnings.

ÞAR SEM Jöfnunarábyrgðaraðili skal hafa leyfi ráðherra til að stunda raforkuviðskipti eða vera dreifiveita.

VEGNA ALLS FRAMANGREINDS hafa aðilar samþykkt eftirfarandi:

1 Umfang samnings – Skyldur aðila

Jöfnunarábyrgðaraðili tekur að sér þá grundvallarskyldu að tryggja að jöfnuður sé á milli öflunar og ráðstöfunar í þeim raforkuviðskiptum sem hann er aðili að.

Í tilvikum þar sem tveir eða fleiri söluaðilar selja til sama viðskiptavinar skulu þeir koma sér saman um hvaða einn aðili ber jöfnunarábyrgð vegna viðskiptanna.

Jöfnunarábyrgðaraðili skal skila Landsneti áætlunum um öflun og ráðstöfun raforku fyrir hvern rekstrar dag og hverja rekstrarklukkustund.

Landsnet skal útvega jöfnunarorku fyrir ójöfnuð á rekstrardegi á kostnað Jöfnunarábyrgðaraðila og annast uppgjör á jöfnunarorku.

Framkvæmd og skyldur aðila samkvæmt samningi þessum skulu vera í samræmi við skilmála um öflun reglunarafis og uppgjör jöfnunarorku eins og slíkir skilmálar kunna að vera á hverjum tíma. Skilmálarnir eru hluti þessa samnings. Ef ákvæði þessa samnings ganga í berhögg við skilmálana, eins og þeir kunna að vera á hverjum tíma, skulu skilmálarnir ganga framar ákvæðum þessa samnings.

2 Framsal jöfnunarábyrgðar

Að fengnu samþykki Landsnets er Jöfnunarábyrgðaraðila heimilt að framselja skyldur sínar samkvæmt samningi þessum til annars Jöfnunarábyrgðaraðila.

3 Verð jöfnunarorku og umsýslukostnaður

Jöfnunarorkuverð er breytilegt frá einni klukkustund til annarrar og ræðst af framboði á reglunarafli og eftirspurn eftir jöfnunarorku á hverjum tíma. Nánari ákvæði um jöfnunarorkuverð og uppgjör eru í skilmálum um öflun reglunarafls og uppgjör jöfnunarorku.

Samkvæmt 35. gr reglugerðar nr. 1050/2004 um raforkuviðskipti og mælingar er Landsneti heimilt að innheimta þóknun sem samsvarar eðlilegum umsýslukostnaði Landsnets við rekstur reglunaraflsmarkaðar og umsjón með jöfnunarorku. Þóknunin skal tilgreind í gjaldskrá Landsnets eins og hún er á hverjum tíma.

4 Greiðsluábyrgðir

Landsneti er heimilt að krefja Jöfnunarábyrgðaraðila um greiðsluábyrgð sem nemur 25% af áætluðum árlegum kostnaði vegna jöfnunarorku. Landsneti er heimilt að endurskoða fjárhæð greiðsluábyrgðar verði verulegar breytingar á þeim forsendum sem lágu til grundvallar ákvörðun um fjárhæð greiðsluábyrgðar s.s. ef breyting verður á umfangi viðskipta hvort sem er til hækkunar eða lækkunar.

Jöfnunarábyrgðaraðili skal leggja fram nauðsynlegar upplýsingar að mati Landsnets til að meta umfang greiðsluábyrgðar. Þetta gildir við upphaf samnings sem og á sérhverjum tímapunkti sem hann nær yfir.

Jöfnunarábyrgðaraðili getur farið fram á að Landsnet rökstyðji kröfu sína um greiðsluábyrgð.

Landsneti er heimilt að framselja umsjón með greiðsluábyrgðum samkvæmt þessum samningi til þriðja aðila og ber að tilkynna það Jöfnunarábyrgðaraðila.

5 Gagnaleynd – Trúnaður

Landsnet skal meðhöndla allar innsendar upplýsingar frá Jöfnunarábyrgðaraðila sem tengjast samningi þessum sem trúnaðarmál nema gagnaðili veiti skriflegt samþykki eða að upplýsingarnar séu þannig úr garði gerðar að þær séu ekki rekjanlegar til Jöfnunarábyrgðaraðila. Landsneti er þó heimilt að veita opinberum aðilum eða öðrum upplýsingar sé þess krafist á grundvelli laga, reglna eða dómsúrskurða. Þá er Landsneti heimilt að veita þeim upplýsingar sem annast greiðsluábyrgðir fyrir Landsnet, sbr. 3. gr. þessa samnings.

6 Truflanatilvik og skömmtun raforku

Ef aðgerðir Landsnets vegna truflana í raforkukerfinu valda því að jöfnunarábyrgðaraðilar geta ekki staðið við samningsbundnar skyldur sínar gagnvart viðskiptavinum, eiga ákvæði þessa samnings um skyldur og ábyrgð Landsnets ekki við á meðan það ástand varir. Landsnet ber ekki kostnað jöfnunarábyrgðaraðila sem af hlýst en annast uppgjör á þeim kostnaði á milli hans og annarra jöfnunarábyrgðaraðila. Landsnet skal gæta jafnræðis og málefnalegra sjónarmiða í truflanatilvikum.

Landsnet mun grípa til skömmtunar raforku til dreifiveitna og notenda ef ófyrirséð og óviðráðanleg atvik valda því að framboð raforku fullnægir ekki eftirspurn, sbr. 9. gr raforkulaga. Landsnet ber ekki kostnað Jöfnunarábyrgðaraðila sem af hlýst en annast uppgjör á þeim kostnaði á milli hans og annarra jöfnunarábyrgðaraðila. Við skömmtun skal Landsnet gæta jafnræðis og byggja á málefnalegum sjónarmiðum.

7 Vanefndir

Brot á samningi þessum telst vera vanefnd. Ennfremur skal brot gegn tilheyrandi reglugerðum, lögum og skilmálum teljast vera vanefnd á þessum samningi og hafa sömu réttaráhrif.

Hafi Jöfnunarábyrgðaraðili brotið gegn samningi þessum, ber Landsneti að senda skriflega áminningu um úrbætur sem skal send í samræmi við 10. gr. þessa samnings. Hafi Jöfnunarábyrgðaraðili ekkert aðhafst innan 15 daga er Landsneti heimilt að rifta samningi þessum án frekari fyrirvara eða óska eftir að Orkustofnun aðhafist á grundvelli VII. og VIII. kafla raforkulaga.

Sé vanefnd Jöfnunarábyrgðaraðila veruleg er Landsneti heimilt að rifta samningi þessum með 7 daga fyrirvara eða óska eftir því að Orkustofnun aðhafist á grundvelli VII. og VIII. kafla raforkulaga.

Meðal þess sem telst veruleg vanefnd er eftirfarandi:

- Jöfnunarábyrgðaraðili sendir ítrekað inn áætlanir með verulegum frávikum sem rekja má til ásetnings eða stórfellds gáleysis.
- Jöfnunarábyrgðaraðili stendur ítrekað ekki skil á áætlunum.
- Jöfnunarábyrgðaraðili uppfyllir ekki kröfur Landsnets um greiðsluábyrgð þrátt fyrir ítrekuð tilmæli.
- Jöfnunarábyrgðaraðili stendur ítrekað ekki í skilum með greiðslur til Landsnets.
- Ítrekuð vanefnd af hálfu Jöfnunarábyrgðaraðila á samningi þessum,
- eða ef Jöfnunarábyrgðaraðili sinnir ekki kröfum Landsnets um úrbætur innan þess frests sem Landsnet gaf honum.

Við riftun samnings mun Landsnet svo fljótt sem auðið er senda tilkynningu til Orkustofnunar, dreifiveitna og annarra jöfnunarábyrgðaraðila sem Jöfnunarábyrgðaraðili hafði viðskiptasambönd við.

8 Óviðráðanleg öfl („Force Majeure“)

Ákvæði (i). gr. varðandi óviðráðanleg öfl í almennum skilmálum um flutning rafmagns og kerfisstjórnun gilda samkvæmt samningi þessum.

9 Bótaskylda

Ákvæði (ii). gr. varðandi bótaskyldu í almennum skilmálum um flutning rafmagns og kerfisstjórnun gilda samkvæmt samningi þessum.

Þá ábyrgist Landsnet ekki beint eða óbeint fjárhagslegt tjón, sem Jöfnunarábyrgðaraðili kann að verða fyrir: (i) ef aðlaga þarf áætlun frá Jöfnunarábyrgðaraðila vegna þess að hún er gölluð, röng, eða var ekki skilað inn; (ii) vegna tæknilegra samskiptavandamála við skil áætlaða; (iii) vegna skekkju í mæligögnum; (iv) vegna þess að Landsnet þarf að setja inn áætluð gildi í stað mælinga; eða vegna annarra sambærilegra atvika.

10 Upplýsingaskylda

Aðilar skulu miðla hvor öðrum upplýsingum sem hafa þýðingu fyrir framkvæmd þessa samnings. Upplýsingum skal miðlað án óþarfa tafa. Eftirfarandi aðilar skulu vera tengiliðir og skal upplýsingaskyldu vera fullnægt ef upplýsingar eru sendar með tölvupósti eða með hefðbundnum ábyrgðarpósti.

Jöfnunarábyrgðaraðili: Nafn viðtakanda: Heimilisfang: Netfang:	Landsnet: Nafn viðtakanda: Heimilisfang: Netfang:
---	--

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr þessa ákvæðis ber aðilum að tilgreina sérstaka tengiliði sem á hverjum tíma annast áætlunaskil, uppgjör og önnur dagleg samskipti vegna framkvæmdar þessa samnings.

Aðilum ber að tilkynna gagnaðila um allar breytingar á ofangreindum upplýsingum.

11 Gildistími og uppsögn

Samningur þessi tekur gildi við undirskrift en þó eigi fyrr en 1. janúar 2005, að því gefnu að Jöfnunarábyrgðaraðili hafi gengið frá fullnægjandi greiðsluábyrgðum samkvæmt 4. gr. þessa samnings.

Samningurinn gildir þar til honum er sagt skriflega upp af öðrum aðilanum með eins mánaða fyrirvara.

Þrátt fyrir uppsögn gilda ákvæði samningsins áfram þar til Jöfnunarábyrgðaraðili hefur uppfyllt allar skyldur sínar, sem teknar eru fram í samningnum, eða fært þessar skyldur til annars Jöfnunarábyrgðaraðila með samþykki Landsnets.

12 Meðhöndlun ágreiningsefna

Komi upp ágreiningur um framkvæmd eða túlkun ákvæða skilmála Landsnets skulu aðilar leitast við að leysa þann ágreining.

Komi upp ágreiningur um framkvæmd eða túlkun ákvæða skilmála Landsnets skal í þeim tilvikum þar sem Orkustofnun hefur úrskurðarvald á grundvelli VII. og VIII. kafla raforkulaga leita úrlausnar stofnunarinnar og úrskurðarnefndar raforkumála þar sem það á við. Úrskurði úrskurðarnefndar má vísa til dómstóla skv. 30 gr. VII. kafla raforkulaga.

Heyri úrlausn ágreinings ekki undir Orkustofnun má vísa málinu til úrlausnar Héraðsdóms Reykjavíkur.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn aðila og telst hvort eintakið fyrir sig fullgilt frumrit samningsins.

Reykjavík, þann

..... , þann

.....
Landsnet hf.

.....
NN

.....
Endurtekið með hástöfum

.....
Endurtekið með hástöfum